



Nefndasvið Alþingis
b.t. landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

JRP/aa

Rvk. 5.1. 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum. – 377. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa á undan förnum tveimur þingum sent Alþingi umsagnir um sams konar lagafrumvörp sem þá lágu fyrir Alþingi til breytinga á lögum nr. 96/1997. Í síðustu umsögn SA frá 2. maí 2006 til landbúnaðarnefndar Alþingis var sérstök grein gerð fyrir forsögu málsins og almennum sjónarmiðum sem huga þarf að við eftirlitsstarfssemi hins opinbera. Vakin var athygli landbúnaðarnefndar á þeirri dapurlegu staðreynd að upplýsingar skortir um ráðstöfun núverandi eftirlitsgjalds, sem er lögbundið og er mismunandi hátt eftir búgreinum. Ársreikningar svokallaðs eftirlitssjóðs sem var í vörslu Landbúnaðarráðuneytisins frá árinu 2002 til 1. janúar 2006, liggja ekki enn fyrir þó eftir þeim hafi ítrekað verið leitað. Landbúnaðarráðuneytið og forveri Landbúnaðarstofnunar, þ.e. embætti yfirdýralæknis, hafa ekki svarað bréfum um raunkostnað við eftirlit við slátrun dýra og ráðstöfun fjármuna sjóðsins í rúm tvö ár. Af þessum sökum sáu SA og fyrirtækið Reykjagarður hf. sig knúin til að kæra stjórnvísu landbúnaðarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis þann 26. október 2006. (sjá fskj. 1). Landbúnaðarráðuneytið hefur ekki enn svarað spurningum umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar SA (fskj. 2) og hefur nú í tvígang fengið frest til að svara umboðsmanni (fskj. 3.). Ráðuneytið fékk skömmu fyrir jól nýjan frest til 1. febrúar 2007 til að veita umbeðnar upplýsingar á þeirri forsendu að svör Landbúnaðarstofnunar hafi verið „ófullkomin.”

Landbúnaðarráðuneytið hefur virt að vettugi allar óskir samtakanna í bréfum og umsögnum til landbúnaðarnefndar Alþingis um að ganga til samstarfs við hagsmunaaðila í atvinnugreininni. Ráðuneytið vill ekki hafa neitt samráð við fyrirtækin um gerð lagafrumvarps, sem hefði það að markmiði að semja nútímalega eftirlitslöggið, þar sem fyrirtækin bæru megin ábyrgðina á eftirlitinu og þar sem eftirlitið væri falið sjálfstæðum einkareknum og faggiltum skoðunarstofum, sem fylgdust með því að reglum sé fylgt. Í stað þess leggur ráðuneytið nú í þriðja sinn fram lagafrumvarp sem samið er án samráðs við hagsmunaaðila og án þess að neinar fjárhagslegar forsendur eða upplýsingar liggi fyrir um núverandi kostnað eða væntanlega gjaldtöku vegna eftirlits Landbúnaðarstofnunar. Þessum vinnubrögðum landbúnaðarráðuneytis er mótmælt.

Í frumvarpinu felast áfram viðtækar heimildir til Landbúnaðarstofnunar og landbúnaðarráðherra til að innheimta eftirlitsgjald: „Í hlutfalli við innvigtun” á kjöti. Áfram er því ætlunin að innheimta svokallað kílógjald af kjöti sláturdýra í stað þess að greiða fyrir raunveruleg unnin og nauðsynleg eftirlitsverkefni. Engin takmörk verða á þessari gjaldtöku á kjöt eins og nú er í lögum. Þessi opna gjaldsskrárheimild til landbúnaðarráðherra jafngildir framsali á skattlagningarvaldi til ráðherra verði frumvarpið að lögum meðan engar fjárhagslegar forsendur eða útreikningar á núverandi eða væntanlegum „raunkostnaði” við eftirlitið eru lagðar fram með frumvarpinu.

Engar skýringar eða áætlanir liggja fyrir um það hverjar verða væntanlegar fjárhæðir pr. kíló skv. nýrri „gjaldskrá“ eða hvert gjaldið yrði á einstakar kjöttegundir. Því verður vart trúað að Alþingi framselji á þennan hátt skattlagningarvald til ráðherra og veiti honum sjálfðæmi um ákvörðun gjalds á einstakar kjöttegundir.

Samtökin hvetja enn til þess að haft verði samráð við hagsmunaaðila svo sátt megi verða um málið. Ekki er lagst gegn því að greitt verði sanngjarnt gjald fyrir nauðsynlegt opinbert eftirlit. Samtökin vilja hins vegar koma í veg fyrir eftirlitslausa og ótakmarkaða gjaldtöku hins opinbera af atvinnufyrirtækjum undir því yfirskeyni að um sé að ræða innheimtu á svokölluðum „raunkostnaði við eftirlit“. Það stenst ekki að Landbúnaðarstofnun reki áfram beint eftirlit með atvinnurekstri án þess að nokkur tilraun sé gerð til að skilgreina umfang eftirlitsins, takmarka það eða veita því neitt aðhald. Enginn hvati er í frumvarpinu til hagræðingar og til að umbuna vel reknum fyrirtækjum fyrir öflugt innra eftirlit.

Nánar um frumvarpsgreinina

Samtök atvinnulífsins lýsa eindreginni andstöðu við frumvarpsgreinina, sem er efnislega lítið breytt frá því frumvarpi sem lagt var fram sl. vor. Samtök atvinnulífsins líta svo á að hér verði í raun um skattlagningu á fyrirtækin að ræða í forni kílogjalds á innvegið kjötmagn sláturleyfishafa. Ráðherra þurfi ekki samkvæmt lagagreininni að hafa nokkuð samráð við fyrirtækin við ákvörðun nýju kíló gjaldskrárinnar. Ráðherra þurfi ekki einu sinni að kynna „gjaldskrána“ eða útskýra forsendur hennar fyrir sláturleyfishöfum, sem er í samræmi við þau vinnubrögð sem ráðuneytið hefur stundað sl. ár við ráðstöfun fjármuna eftirlitssjóðs. Greinin felur í sér að heimilt verður að innheimta hjá atvinnufyrirtækjum sem undir hana falla afar vítt skilgreindan kostnað Landbúnaðarstofnunar án þess að nokkur tilraun sé gerð til að leggja á hann bönd.

Það vekur sérstaka athygli og undrun að í athugasemdum með frumvarpinu er nú reynt að réttlæta frumvarpsgreinina með beinni tilvísun til reglugerðar Evrópusambandsins nr. 882/2004. Gefið er í skyn að ótakmarkaðar gjaldtökuheimildir frumvarpsins séu nauðsynlegar vegna þessarar reglugerðar ESB til að tryggja áfram öruggan útflutning sláturafurða. Þetta fær ekki staðist. Í grundvallaratriðum er nálgun landbúnaðarráðuneytisins röng því tilskipun ESB sem vísað er til gerir ráð fyrir því að eftirlit hins opinbera sé tengt áhættu en frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir gjaldi per kíló sem þýðir að ekki er umbunað fyrir frammistöðu, innra eftirlit o.s.frv og því ekkert mið tekið af áhættu þeirri sem viðkomandi framleiðslu getur fylgt. Enga heimild er að finna um að fela skoðunarstofum eftirlit þótt slíkt sé ríkur þáttur í þeirri tilskipun sem vísað er til. Frumvarpið sýnir í reynd að Landbúnaðarstofnun og ráðuneytið taka á engan hátt tillit til EES reglna eða WTO – SPS reglna. Allt eftirlit á þessu sviði á að vera byggt á áhættumati og framkvæmt á vísindalegum grunni. Í frumvarpinu eru engin merki þess að haga megi eftirliti á þennan hátt eða að kostnaður verði á einhvern tengdur áhættumati.

Nánar skal stuttlega fjallað um einstaka liði:

1. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvort eftirlitsgjald í væntanlegri gjaldskrá landbúnaðarráðherra verði mismunandi fyrir hverja tegund kjöts eins og nú er lögbundið. Aðeins er ljóst að miða á gjaldið við innvegið magn eins og í núgildandi lögum. Meginbreytingin er að landbúnaðarráðherra fær vald frá Alþingi til að ákveða gjaldið.
2. Með kostnaði undir a. lið er ákveðið að greiða skuli laun og ferðakostnað eftirlitsmanna og aðstoðarfólks. Ekki er í greinargerð eða athugasemdum að finna neina umfjöllun um hve margir eftirlitsmennirnir séu nú eða þurfi að vera. Alla útreikninga vantar á því hver launakostnaður hafi verið sl. ár, hver launaþróunin geti orðið eða hve hár þessi kostnaður verði framtíðinni.

3. Í b. lið er Landbúnaðarstofnun veitt ótakmörkuð heimild vegna „rannsókna á reglubundnum sýnum” og til að fá greiddan kostnað við sýnatökuna og úrvinnslu. Eðlilegra er að fela sláturleyfishöfum eða faggiltum rannsóknastofum að taka reglubundin sýni eftir fyrirframgefnum stöðlum. Landbúnaðarstofnun hafi hins vegar eftirlit með niðurstöðum og því kerfi sem sýni eru tekin eftir frekar en að stofnunin sjálf sé að taka sýni og vinna úr þeim. Mikilvægt er að Landbúnaðarstofnun verði gert að gefa út sýnatökuáætlun svo vitað sé hve umfangsmikil sýnataka á að vera og að hún sé í hverju tilviki í tölfræðilegu samhengi við umfang framleiðslunnar. Fyrirtækin eiga síðan að ráða því sjálf hvar úrvinnslan fer fram og semja við þá faggiltu rannsóknastofnun sem best býður kjörin. Í þeim tilvikum sem eftirlitsstofnunin telur mikilvægt að taka sýnin sjálf getur hún komið þeim til viðkomandi rannsóknarstofu sem innheimtir kostnaðinn hjá fyrirtækinu sem um það hefur samið.
4. Í c. lið er veitt lagaheimild til velta öllum kostnaði vegna námsskeiða og viðhaldsmenntunar kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks yfir á sláturleyfishafa. Það vekur sérstaka athygli að ekki er lengur í frumvarpinu talað um „nauðsynlegt” námskeiðshald eða endurmenntun eins og í frumvarpinu frá því í vor. Þessi breyting er réttlætt með tilvísun í 6. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004, þótt sú reglugerð segi ekkert um það hver greiða skuli kostnað vegna þjálfunar. Það fær ekki staðist að atvinnufyrirtækin greiði alla endurmenntun starfsfólks í þessum störfum. Það verður að treysta því að opinber ríkisstofnun ráði til sín á hverjum tíma hæft og menntað starfsfólk, sem hafi þekkingu og getu til að sinna störfum sínum eins og ætlast er til.

Sem dæmi um það hvað langt verður unnt að teygja þetta ákvæði má nefna ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr en þar segir: „Meðan ekki hafa tekist samningar milli Dýralæknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins um endurmenntun gildir eftirfarandi ákvæði: Fyrir hver tíu ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta sex mánaða fri frá störfum með fullum launum til framhaldsnáms í samráði við [Landbúnaðarstofnun].¹⁾ Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands að dvöl lokinni.” Það er ekki unnt að sætta sig við að ákvæði eins og þetta verði hluti af þeim eftirlitskostnaði sem atvinnulífi í einstökum atvinnugreinum er gert að greiða sem hluta af eftirlitsgjaldi.

5. Samkvæmt d. og e. liðum verður fyrirtækjum gert að greiða kostnað við „yfirstjórn, samræmingu, nauðsynlega aðstöðu og tækjabúnað” vegna eftirlits Landbúnaðarstofnunar án þess að nein tilraun sé gerð til að skilgreina þennan kostnað eða takmarka á nokkurn hátt. Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins eiga sláturleyfishafar meira að segja að kosta og reka „nauðsynlegt bókhalds- og skráningarkerfi” Landbúnaðarstofnunar. Með kostnaði vegna aðstöðu og tækjabúnaðar virðist átt við kostnað vegna húsnæðis, bifreiða, rannsóknarstofu og svo framvegis. Engin tilraun er gerð til að meta hver þessi kostnaður geti verið, hvort um sé að ræða stofnkostnað eða einungis rekstrarkostnað, hver aðstaðan sé nú, hver hún geti verið og svo framvegis.

Í sérstakri málsgrein í frumvarpinu er svo fjallað um svokallað „sérstakt eftirlit með sláturafurðum” ef upp koma smit eða önnur atvik. Heimilt verður að innheimta sérstakt gjald vegna þessa eftirlits. Eindregið er lagt til ef slík tilvik koma upp verði viðkomandi fyrirtækjum gert að skila til Landbúnaðarstofnunar áætlun um viðbrögð, t.d. um auknar sýnatökur og rannsóknir. Landbúnaðarstofnun getur haft eftirlit með því að áætluninni sé framfylgt. Það samræmist engan veginn eðlilegri verkaskiptingu milli fyrirtækja og eftirlitsaðila að opinber ríkisstofnun verði beinn þátttakandi í ferli úrbóta sem þarf að eiga sér stað eins og lagt er til í frumvarpsgreininni. Með því er eftirlitið, opinber stjórnsýslustofnun, nánast orðið þátttakandi í aðgerðum og úrbótum og kann jafnvel að bera ábyrgð á þeim sem er óviðunandi fyrir alla aðila.

Að öllu samanlögðu er hér um að ræða gjaldtökuheimildir sem eru langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Á undanförunum árum hafa tekjur eftirlitssjóðs landbúnaðarráðuneytisins verið um 82 mkr á ári. Verði frumvarp þetta að lögum mun eftirlitsskostnaður geta margfaldast án þess að þeir sem eiga að greiða hann hafi nokkuð um það að segja. Við setningu reglugerða og gjaldskráa um eftirlitið er sláturleyfishöfum og fyrirtækjum ekki tryggð nein aðkoma eða andmælaréttur. Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að við gerð reglugerðar muni ráðherra hafa „samráð við eftirlits- og fagaðila“. Ráðuneytið ætla þannig ekki að hafa neitt samráð við fyrirtækin eða hagsmunaaðila í atvinnugreininni við gerð reglugerðar og gjaldskrár. Þetta er í samræmi við vinnubrögð og stjórnáslu ráðuneytisins hingað til sem eru ámælisverð.

Eindregið er lagt til að fram komi í frumvarpstextanum að ákvörðun ráðherra um gjaldskrá skuli ávallt byggð á raunkostnaði og byggð á uppgjöri fyrir næsta ár á undan ásamt rekstraráætlun um tekjur og gjöld komandi tímabila. Í frumvarpinu sem lagt var fram sl. vor kom sagði: „*Ráðherra skal gefa út gjaldsskrá um heilbrigðiseftirlitið, sem byggð skal á raunkostnaði þess*“. Þessi setning hefur hins vegar verið felld út úr 1. grein þessa frumvarps án þess að það sé útskýrt nánar. Nauðsynlegt er að landbúnaðarstofnun verði gert að rökstyðja allar þær breytingar sem lagðar eru til á gjaldskrá. Áður en landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd eftirlitsins t.d. um sýnatökur og gjaldskrá verði ráðuneytinu og Landbúnaðarstofnun gert að kynna þær fyrir hagsmunaaðilum og afla umsagna þeirra og að þær umsagnir skuli hafðar til hliðsjónar við gerð gjaldskrár.


Lokaorð

Ekkert samráð var haft við Samtök atvinnulífsins eða sláturleyfishafa við undirbúning þessa frumvarps. Til þess að sátt geti ríkt um opinbert eftirlit á þessu sviði og um gjaldtöku fyrir það, er mikilvægt að haft sé samráð við hagsmunaaðila í viðkomandi atvinnugrein. Það eru eðlilegir stjórnásluhættir í nútíma þjóðfélagi að leita samráðs við hagsmunaaðila en á það hefur algjörlega skort af hálfu landbúnaðarráðuneytisins. Raunar hafa vinnubrögð ráðuneytisins verið með eindæmum, þar sem bréfum er ekki svarað og upplýsingar ekki veittar, eins og fram kemur í meðfylgjandi kvörtun SA til umboðsmanns frá 26.10. 2006.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er ónothæft enda er því eingöngu ætlað að gefa Landbúnaðarstofnun og ráðuneytinu tækifæri á að hækka eftirlitsgjöld á þann hátt sem þeim hentar. Landbúnaðarstofnun veit í raun ekki í dag hver er kostnaður við einstaka þætti starfsseminnar er og engin tilraun er gerð til þess að skýra eða meta á ýmsan sameiginlega rekstrarþætti stofnunarinnar sem hluta kostnaðar við eftirlit með slátrun dýra.

Samtök atvinnulífsins leggjast því eindregið gegn framangreindu frumvarpi en eru áfram tilbúin til samráðs um gerð nýs frumvarps eins og margoft hefur komið fram.

Virðingarfyllst,



Jón Rúnar Pálsson, hrl.

Fskj. 1



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Umboðsmaður Alþingis
Álftamýri 6

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 2006

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Upplýsingar um aðila málsins:

Fyrir hönd Reykjarðs hf., kt. 650903-2180, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík, sem rekur alifuglasláturhús á Hellu, sendir undirritaður lögmaður fyrirtækisins og Samtaka atvinnulífsins þessa kvörtun til embættis umboðsmanns Alþingis til umfjöllunar.

Kvörtunarefni:

Fyrirtækið Reykjarður hf. kvartar yfir stjórnslu landbúnaðarráðuneytisins. Hvorki landbúnaðarráðuneytið eða yfirdýralæknir hafa svarað efnislega bréfum fyrirtækisins eða Samtaka atvinnulífsins, fyrir þess hönd, þar sem óskað var eftir upplýsingum og gögnum frá þessum aðilum um raunkostnað við heilbrigðiseftirlit í alifuglasláturhúsi Reykjarðs hf. á Hellu á árunum 2002-2005 og hvernig heilbrigðiseftirlit hefði verið framkvæmt þar.

Ekki hefur fengist upplýst þrátt fyrir ítrekuð bréf árin 2004, 2005, og 2006, hvernig fjármunum svokallaðs eftirlitssjóðs skv. 11. gr. laga nr. 96/1997, hafi verið ráðstafað eða hver raunkostnaður við eftirlitið hjá Reykjarði eða eftir búgreinum er. Reikningar eftirlitssjóðsins fyrir árið 2002, 2003, 2004 og 2005 hafa ekki verið lagðir fram af landbúnaðarráðuneytinu, þrátt fyrir endurteknar óskir fyrirtækisins og lögmanns SA um það. Í þennan eftirlitssjóð rennur mikið fé, ákveðið kílógjald af hverju sláturdýri eða fugli, sem slátrað er í öllum sláturhúsum. Gjaldið hefur verið mishátt eftir búgreinum frá árinu 2002, en þá voru gerðar grundvallar breytingar á lögum nr. 96/1997 með lögum nr. 82/2002. Hæst er kílógjaldið á alifuglakjöti en lægst á kindakjöti.

Árið 2003 greiddi Reykjarður kr. 10.845.777 í eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á kjöti, árið 2004 kr. 10.661.703, árið 2005 kr. 12.281.750 og árið 2006 er áætlað eftirlitsgjald 15 mkr. Þessu til viðbótar greiðir fyrirtækið sjálft fyrir svokölluð eldissýni sem tekin eru í alifuglabúi fyrir slátrun, til að kanna hvort viðkomandi sláturhópar séu smitaðir af salmonellu skv. reglugerð nr. 904/2001, sbr. breyting á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum, gr. 14.5 í þeirri reglugerð. Á árinu 2005 nam kostnaður vegna eldissýna í alifuglabúi Reykjarðs kr. 1.091.603. Þessi eldissýnakostnaður alifuglabænda hefur ekki verið greiddur af fé eftirlitssjóðsins þótt svo beri að gera að áliti kæranda. Í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 27. október 2005, málið 213/ 2005 (sjá fskj. 1). Þar var dæmt að sýnataka og rannsóknir, sem framkvæmdar voru í svínabúi, svokölluð tecra-próf, skyldu greiðast af fé eftirlitssjóðsins.

Nánari rökstuðningur og forsaga málsins

I. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis- skoðun og gæðamat á sláturafurðum er innheimt sérstakt eftirlitsgjald sem er kr. 2,10 fyrir hvert kíló kindakjöts, 3 kr/kg fyrir svínakjöt, 2,20 kr/kg fyrir nautgripakjöt, 2,90 kr/kg fyrir hrossakjöt og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts. Gjaldið rennur í sérstakan eftirlitssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Frá 1. janúar 2006 tók ný stofnun, Landbúnaðarstofnun við vörslu sjóðsins, þegar hún tók til starfa. Þessar mismunandi fjárhæðir eftirlitsgjaldsins voru ákveðnar með lögum nr. 82/2002 um breytingu á lögum nr. 96/1997. Í nefndaráli sem fylgdi breytingartillögum landbúnaðarnefndar Alþingis þann 19. apríl 2002, voru grundvallar breytingar gerðar á frumvarpi landbúnaðarráðuneytisins (fskj. 2):

„Nefndin telur eðlilegt að hver grein beri þann kostnað sem af eftirlitinu hlýst og leggur til að mismunandi gjald verði innheimt fyrir hverja tegund kjöts. Þá telur nefndin að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiddur af launalið viðkomandi embætta samkvæmt fjárlögum enda verður að telja skoðunina hluta af starfi þeirra. Óeðlilegt er að framleiðendur og/eða neytendur greiði þann hluta kostnaðarins með skattheimtu af þessu tagi.”

Kærandi telur ljóst af nefndaráli og lögskýringargögnum sem fylgi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 82/2002 að ætlun löggjafans var að láta *hverja búgrein* greiða fyrir þær rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar voru. Í stað sama kílógjalds á allar kjöttegundir ákvað landbúnaðarnefnd að leggja það til að kílóagjaldið yrði *mismunandi eftir kjöttegundum*. Þessar breytingartillögur landbúnaðarnefndar voru samþykktar af Alþingi sem lög. Á þessum tíma voru salmonellusýkingar mjög algengar í alifuglabúum og þeim forsendum var það rökstutt og réttlætt að eftirlitsgjaldið væri mismunandi. Ákveðið var að það yrði hæst á alifuglakjöt. Augljóst er að þessar sýkingar sjást ekki með berum augum við kjötskoðun dýralækna, frekar en aðrar veiru- eða bakteríusýkingar. Til að greina smitsjúkdóma þarf sérhæfðar rannsóknir og sýnatökur bæði í alifuglabúum og sláturhúsum. Til að greiða fyrir þessar rannsóknir og sýnatökur á sláturdýrum og kjöti var eftirlitssjóðurinn ætlaður.

Landbúnaðarnefnd Alþingis hafnaði réttmæti þess að greiða ætti nokkurn launakostnað dýralækna við kjötskoðun með skattheimtu af þessu tagi eins og segir í nefndarálitinu enda væri kjötskoðun þegar hluti af starfi þeirra, sem greiddur var af launalið embættanna á fjárlögum. Þessum orðum nefndarálitsins var bersýnilega beint að almennum athugasemdum með upprunalega frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi árið 2001 (sjá fskj. 3). Í almennum athugasemdum kom nefnilega fram að almenn hækkun kílógjaldsins væri nauðsynleg vegna hækkunar “á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu” og í lok athugasemda upprunalega frumvarps landbúnaðarráðuneytisins var hækkun kílógjalds úr 2,56 kr. í 3,46 skýrður svo; “að hluti starfa héraðsdýralækna er við kjötskoðun og miðað við 30% starfshlutfall hjá 10 héraðsdýralæknum sem eingöngu er reiknað af grunnlaunum og launategndum gjöldum þeirra, samtals 10.000.000 kr.” Þessum forsendum hafnaði landbúnaðarnefnd alfarið, eins og rakið hefur verið.

II. Þann 29. mars 2004 sendir framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf. bréf til embættis yfirdýralæknis þar sem óskað var eftir upplýsingum um raunkostnað við eftirlit með alifuglasláturhúsi þess og óskaði eftir viðræðum við embættið um bætt eftirlit og framkvæmd þess í sláturhúsinu. Afrit bréfsins var sent til landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssonar (sjá fskj. 4) tæpu ári síðar þann 14. mars 2005, þegar enn hafði ekki borist svar, sendir framkvæmdastjórinn tölvupóstsbref til yfirdýralæknis þar sem gengið var eftir svörum (sjá fskj. 5) Þá loks berst tölvupóstsbref þann 16. mars frá yfirdýralækni um að:

“Málið hefur verið á borði landbúnaðarráðuneytisins og það hefur nú verið sent Hagþjónustu landbúnaðarins til skoðunar á forsendum raunkostnaðar við eftirlitsgjöld með alifuglakjöti. Niðurstaða verður kynnt fyrirtæki yðar sem öðrum þegar þær liggja fyrir”. (sjá fskj. 6)

Þann 9. júní 2005 ítreka Samtök atvinnulífsins í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins (fskj. 7) ósk framkvæmdastjóra Reykjarörs um ofangreindar upplýsingar. Fram kemur að fyrirtækið hafi á árinu 2004 greitt tæpar 11 mkr í eftirlitsgjald skv. lögum nr. 96/1997. Eins er í bréfinu óskað eftir ársreikningum eftirlitssjóðsins fyrir árin 2002–2004 og hvort launakostnaður héraðsdýralækna vegna kjötskoðunar hafi verið greiddur af sjóðnum þrátt fyrir nefndarálit landbúnaðarnefndar, sem vitnað er til hér að ofan. Á það er einnig bent að sýkingum í alifuglasláturhúsum hafi fækkað mjög og hagræðing átt sér stað í greininni þannig að allt bendi til að kostnaður við eftirlitið hafi lækkað verulega frá því gjaldið var ákveðið með lögum nr. 82/2002. Ítrekuð var ósk um samráð við hagsmunaaðila þannig að sátt geti náðst um málið með skipan vinnuhóps þá um sumarið.

Svar landbúnaðarráðuneytisins er dagsett þann 15. júlí 2005 og hljómar svo:

„Erindi yðar dagsett 9. júní sl. hefur verið móttækið í ráðuneytinu. Mál yðar verður tekið til afgreiðslu að sumarleyfistíma loknum.“ (sjá fskj 8)

Enn var erindið ítrekað með bréfi SA til landbúnaðarráðuneytisins þann 14. september 2005 og óskað eftir efnislegum viðbrögðum (sjá fskj. 9).

Snemma á árinu 2006 óskuðu Samtök atvinnulífsins eftir fundi með landbúnaðarnefnd Alþingis og á fundi þann 2. febrúar 2006 voru bréfaskriftir þær er hér hafa verið raktar kynntar fyrir nefndinni. Á fundinum voru einnig fulltrúar Ríkisendurskoðunar sem lögðu þar fram ódagsett blað með yfirskriftinni „Eftirlitssjóður“ (fskj. 10.) Fram kom í máli þeirra að þetta væru óstaðfestar bráðabirgðatölur, eingöngu teknar saman fyrir fundinn en ekki endanlegar reikningstölur. Í tölunum kemur fram að tekjur eftirlitssjóðsins voru 69 mkr árið 2002, 83 mkr 2003 og 81 mkr 2004. Gjöldin voru sömu ár 63 mkr, 73 mkr og 80 mkr og uppsafnaðar tekjur umfram gjöld á þessum þremur árum því 16 mkr. Einnig kemur fram að launagjöld sjóðsins voru 34 mkr, 41 mkr og 42 mkr á þessum sömu árum. Engin svör fengust hins vegar um það hvernig tekjur og gjöld skiptast á milli kjöttegunda né hvort laun héraðsdýralækna við kjötskoðun séu greidd af tekjum sjóðsins eða ekki. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar lýstu því yfir að áfram yrði unnið í reikningum sjóðsins á næstu mánuðum og gagna aflað, en lofuðu engu um endanlegar niðurstöður vegna anna hjá stofnuninni.

Um mitt sumarið 2006, með bréfi dags. 5. júlí 2006, sendu Samtök atvinnulífs landbúnaðarráðuneytinu því enn nýtt bréf (fskj. 11). Þar var aftur minnt á fyrri bréf samtakanna, sem hefði ekki verið svarað. Vinnubrögð og stjórnsýsluhættir ráðuneytisins voru harðlega átalín enda vektu þau tortryggni hagsmunaaðila. Skorað var á ráðuneytið að leggja þegar fram ársreikninga eftirlitssjóðs, sem það ætti að hafa í vörslu sinni, fyrir árin 2002, 2003, 2004, og 2005. Upplýsa yrði hvort einhver launakostnaður dýralækna hefði verið færður á sjóðinn á sömu árum. Enn á ný ítrekaði SA óskir sínar um að ráðuneytið tæki upp samráð við hagsmunaaðila vegna nauðsynlegra breytinga á gildandi löggjöf. Landbúnaðarráðuneyti hefur ekki svarað þessu síðasta erindi SA fyrir hönd Reykjarörs, frekar en öðrum erindum.

III. Þannig hafa meira en tveggja ára tilraunir Reykjarörs hf. og Samtaka atvinnulífsins fyrir þess hönd til að kanna hvort fylgt hafi verið þeim vilja Alþingis að *hver grein* beri þann kostnað sem af eftirlitinu hlýst og að engin laun héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greidd af eftirlitsgjaldinu heldur greiðist af fjárlögum engan árangur borið. Ítrekuðum óskum um upplýsingar og gögn um ráðstöfun fjármuna hefur í engu verið svarað. Óskum um samráð og samvinnu hefur ekki verið sinnt. Í stað þess virðist ráðuneytið hafa valið að slá þagnarmúr um þennan svokallaða “eftirlitssjóð” og vill ekki upplýsa í hvað fjármunum sjóðsins hefur verið varið. Ráðuneytið sveik gefið loforð sumarið 2005 (sjá fskj. 8) um að taka erindi SA f.h. Reykjarörs til afgreiðslu að loknu sumarleyfi um haustið. Augljóst er að landbúnaðarráðuneytið hefur brotið megin reglur stjórnsýsluréttar um málshraða. Ráðuneytið hafði a.m.k. þá lögbundnu skyldu til að greina Reykjaröri hf. frá því í rökstuddu bréfi af hverju ekki væri hægt að svara erindi fyrirtækisins að svo stöddu, sbr. 3. mgr. 9. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Alvarlegar grunsemdir eru uppi um það, að fjármunum sjóðsins hafi verið ráðstafað til að greiða launakostnað og jafnvel sammingsbundna endurmenntun dýralækna skv. kjarasamningum dýralækna. Þannig er ljóst að reglugerð nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum (fskj. 12) var ekki breytt í kjölfar laga nr. 82/2002. Í 3. gr. eldri og 4. gr. núgildandi reglugerðar segir að laun og ferðakostnaðar dýralækna og aðstoðarfólks kjötskoðunarlækna skuli greiddur af eftirlitsgjaldinu. Reglugerð nr. 708/1996 var breytt árið 2005, með reglugerð nr. 336/2005 (sjá fskj. 13). Tilefni reglugerðarinnar virðist hafa verið fyrrnefnd málaferli Sléttusvíns vegna kostnaðar þess af nauðsynlegum tecra-prófum. Í nýju reglugerðinni felst þrenging á því fyrir hvaða rannsóknir og próf eigi nú að greiða fyrir. Þetta er ljóst af framsetningu og efni 4 gr. Tecra próf og eldissýni eru ekki talinn upp í nýju reglugerðinni, sem sýni sem greiða skuli fyrir af fé sjóðsins. Landbúnaðarráðuneytið ákveður því einhliða árið 2005 með nýrri reglugerð að aðeins skuli greiða fyrir sumar nauðsynlegar rannsóknir úr sjóðnum vegna heilbrigðiseftirlits. Tecra-próf og eldissýni eru nú flokkuð sem “viðbótarsýni og próf” sem framleiðandi eigi sjálfur að greiða fyrir, sjá lokamálsgrein 4. gr. rgl.

Ríkisendurskoðun upplýsti á fyrrnefndum fundi með landbúnaðarnefnd í febrúar 2006, að verulegur launakostnaður hafi verið færður á sjóðinn: 34, 4 mkr. árið 2002, 41 mkr. árið 2003 og 42 mkr. árið 2004, sjá aftur fskj. 10. Þessu launakostnaður er til viðbótar við það sem skráð er á gjaldaliðinn “sérfræðipjónusta dýralækna”. Ekki fékkst á fundinum staðfest hvaða launakostnaður þetta væri enda voru fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins ekki á fundinum. Athyglisvert er að það sem kallað er “rannsóknarkostnaður”, og þar er væntanlega átt við sýnatöku- og rannsóknarkostnað, er undir 30% af gjöldum, sem gjaldfærður er á sjóðinn á árunum 2002, 2003 og 2004 í fyrrnefndu bráðabirgða blaði Ríkisendurskoðunar frá febrúar 2006.


Einnig er með öllu óljóst hvernig tekjur og gjöld sjóðsins skiptast á búgreinar, þrátt fyrir að lög nr. 82/2002 byggist á þeirri *forsendu* að hver búgrein eigi að greiða sinn eftirlitskostnað, sem á að “miðast við raunkostnað” við eftirlitið skv. orðum 2. málslíðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997. Lauslega áætlað þá nema tekjur eftirlitssjóðsins vegna slátrunar allra alifugla um helmingi af öllum tekjum “eftirlitssjóðsins” á árunum 2002-2005, sjá áætlun framkvæmdastjóra Reykjararðs hf. (sjá fskj. 14). Fyrirtækið Reykjararður hf. er einungis eitt af þremur alifuglasláturhúsum á Íslandi, sem greiða kílóagjald af alifuglakjöti til sjóðsins.

Alvarlegar grunsemdir er um það, að bókhald sjóðsins sé ólestri og hafi ekki verið fært þannig að kostnaðarskipting milli búgreina af eftirlitinu verði ljós, þrátt fyrir að lagabreyting árið 2002 um mismunandi hátt kílógjald hafi byggt á þeirri grundvallar *forsendu*. Kærandi telur verulegar líkur á því að raunkostnaður af eftirliti hjá honum og öðrum alifuglasláturhúfum sé mun minni heldur en nemur núverandi tekjum sjóðsins af kílóagjaldi af alifuglakjöti. Um þetta er hins vegar ekki hægt að fullyrða með fullri vissu því landbúnaðarráðuneytið liggur á bókhaldi og öðrum gögnum og upplýsingum og svarar ekki bréfum Reykjararðs eða SA. Með öllu er óljóst hvað raunverulega hefur fært til gjalda á eftirlitssjóðinn vegna “eftirlits” með alifuglasláturhúsum í reikningum sjóðsins.

Það er mat Reykjararðs hf. og Samtaka atvinnulífsins að frekari bréfaskipti milli þess og landbúnaðarráðuneytisins séu með öllu tilgangslaus. Bréfum vegna málsins er ekki svarað af landbúnaðarráðuneytinu og öllu samráði og samvinnu hafnað. Þess vegna leitar fyrirtækið til umboðsmanns Alþingis um liðsinni hans í málinu.

Meðfylgjandi eru öll fylgiskjöl málsins í sérstöku hefti, þ.m.t. lögskýringargögn og Hæstaréttardómur, sem vísað er til í kvörtuninni auk umboðs Reykjararðs hf. til lögmanns SA (fskj. 15).

Virðingarfyllst, f.h. Reykjararðs hf.


Jón R. Pálsson hrl.

Fskj. 1. – 15.

Skrá yfir fylgiskjöl og önnur tilvitnuð gögn

- 1) Dómur Hæstaréttar frá 27. október 2005, íslenska ríkið gegn Sléttusvíni ehf., málið 213/ 2005.
- 2) Nefndarálit með breytingartillögum landbúnaðarnefndar, 127. löggjafarþing 2001-2002, þskj. 1354.
- 3) Frumvarp landbúnaðarráðuneytis til breytinga á lögum 96/1997, 127. löggjafarþing 2001-2002, þskj. 797.
- 4) Bréf framkvæmdastjóri Reykjaröðs hf. til embættis yfirdýralæknis frá 29. mars 2004.
- 5) Tölvupóstsbref framkvæmdastjóra Reykjaröðs hf. til yfirdýralæknis frá 14. mars 2005.
- 6) Svar tölvupóstur yfirdýralæknis til framkvæmdastjóra Reykjaröðs hf. frá 16. mars 2005.
- 7) Bréf Samtaka atvinnulífsins til landbúnaðarráðuneytisins frá 9. júní 2005.
- 8) Svarbréf landbúnaðarráðuneytis frá 15. júlí 2005.
- 9) Ítrekunar bréf Samtaka atvinnulífsins til landbúnaðarráðuneytisins frá 14. september 2005.
- 10) Ódagsett blað frá Ríkisendurskoðun v/ eftirlitssjóðs, lagt fram á fundi landbúnaðarnefndar Alþingis þann 2. febrúar 2006.
- 11) Bréf Samtaka atvinnulífsins frá 5. júlí 2006 til landbúnaðarráðuneytis.
- 12) Reglugerð nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.
- 13) Reglugerð nr. 336/2005 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.
- 14) Áætlun Reykjaröðs hf. á tekjum eftirlitssjóðs af kílóagjalda af alifuglakjöti frá 23. október 2006.
- 15) Umboð framkvæmdastjóra Reykjaröðs hf. til lögmanns SA frá 24. október 2006.

Fsk 1

Nr. 213/2005.

Fimmtudaginn 27. október 2005.

Íslenska ríkið

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn**Sléttusvíni ehf.**

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

Stjórnsýsla. Gjaldtaka. Endurgreiðsla. Landbúnaður.

Árið 2001 greindist salmónella í saursýnum, sem tekin voru á svínabúi, sem S ehf. rekur. Til að ganga úr skugga um hvort kjöt svína frá búinu hefðu smitast af salmónellu við slátrun voru tekin stroksýni af kjötinu og þau rannsökuð með svokölluðu tecra-prófi. Ágreiningur reis milli S ehf. og Í hvort kostnaður af þessum sýnatökum og rannsóknum ætti að greiðast af S ehf. eða úr sérstökum sjóði samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, þar sem kveðið sé á um landbúnaðarráðherra innheimti gjald af sláturleyfishöfum til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum. Á það var fallist að kostnaður, sem hafði hlotist af sýnatökunni og rannsóknunum, félli undir umrætt ákvæði, svo og undir b. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 708/1996, eins og það ákvæði hljóðaði á þeim tíma sem kostnaðurinn féll til. Var því gert að endurgreiða S ehf. þann kostnað, sem félagið hafði þurft að standa undir vegna rannsókna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Gunnlaugur Claessen, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 20. maí 2005. Hann krefst aðallega sýknu af kröfu stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti en til vara að málskostnaður á báðum dómstigum verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var skaðabótakröfu stefnda að fjárhæð 489.522 krónur vísað ex officio frá dómi og áfrýjandi sýknaður af skaðabótakröfu stefnda að fjárhæð 331.739 krónur. Aðilar una þeirri niðurstöðu og kemur hún ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum er ekki gerður greinarmunur á greiðsluskyldu úr sérstökum sjóði samkvæmt þeirri grein eftir því hvort eftirlitsaðgerðir eru reglubundnar og beinast að öllum sláturafurðum eða hvort þær eru sértækar og beinast að afurðum frá einstökum býlum. Þá var ekki heldur gerður greinarmunur að þessu leyti, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum, sem í gildi var, þegar kostnaður sá féll til, sem um er deilt í máli þessu. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefnda, Sléttusvíni ehf., 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 2005.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar sl., höfðaði Sléttusvín ehf., [...], Sléttabóli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnassýslu gegn íslenska ríkinu með stefnu birtri 29. júní 2004.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði honum kr. 1.986.267 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 29. júní 2004 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Til vara krefst stefndi þess að stefnukröfurnar verði stórkostlega lækkaðar og í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

II

Stefnandi rekur svínabú og greindist salmonella þar um mitt ár 2001. Sama máli gegndi um nokkur önnur svínabú, en sýni voru tekin til rannsóknar á öllum svínabúum á landinu. Til að kanna hvort salmonella greindist í kjöti þeirra svína sem stefnandi lét slátra í sláturhúsi voru frá því á síðari hluta árs 2002 fram í janúar 2004 tekin stroksýni af kjötinu og þau rannsökuð með svokölluðu tecra-prófi. Sé niðurstaðan úr tecra-prófinu sú að kjötið sé smitað geta frekari rannsókir leitt í ljós að svo sé ekki. Kosturinn við tecra-prófið er sá að niðurstaða um það hvort smit er í kjötinu eða ekki liggur fyrir innan mjög skamms tíma og því hægt að selja kjötið ferskt sé það smitlaust. Annars þarf að sjóða kjötið til þess að það megi selja og fæst þá fyrir það lægra verð. Að öðrum kosti er kjötinu hent. Með fyrri aðferðum þurfti oft að bíða 7-10 daga eftir niðurstöðum að sögn stefnanda.

Stefnandi heldur því fram að fyrir tecra-prófin eigi að greiða úr eftirlitssjóði samkvæmt 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis skoðun og gæðamat á sláturafurðum. Því hefur verið hafnað af hálfu stefnda og hefur stefnandi sjálfur orðið að greiða kostnaðinn við töku sýnanna og rannsóknir á þeim. Á árunum 2002-2004 greiddi stefnandi vegna þessa Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum og Rannsóknáþjónustunni Sýni ehf. samtals kr. 1.706.035 samkvæmt reikningum sem lagðir hafa verið fram í málinu. Stefnandi fékk styrk úr Bjargráðasjóði að fjárhæð kr. 541.029 til þess að mæta þessum kostnaði og nemur endurgreiðslukrafa hans á hendur stefnda því kr. 1.165.006. Útreikningi þessarar kröfu er ekki mótmælt af stefnda.

Stefnandi gerir einnig skaðabótakröfu á hendur stefnda og er hún tvíþætt. Stefnandi seldi Stjörnugrís ehf. svín á fæti á árinu 2002. Þegar þeim var slátrað var tekið stroksýni af kjötinu og fyrir það mun Stjörnugrís ehf. hafa greitt. Hefur stefnandi endurgreitt fyrirtækinu samtals kr. 815.870 af þessum sökum.

Það kjöt sem var smitað samkvæmt niðurstöðu tecra-rannsóknar mátti selja eftir að það hafði verið soðið, en lægra verð fékkst þá fyrir kjötið eins og fyrr greinir. Stefnandi heldur því fram að með frekari rannsóknum hefði getað komið í ljós að kjötið væri ósýkt þrátt fyrir jákvæða niðurstöðu úr tecra-rannsókninni.

Kjötið hafi því verðfallið vegna þess að frekari rannsóknir voru ekki gerðar á því og telur stefnandi sig hafa þar af leiðandi orðið fyrir tjóni sem nemi kr. 552.897. Frá þessum fjárhæðum, kr. 815.870 og 552.897 samanlögðum, dregur stefnandi styrk sem hann fékk frá Bjargráðasjóði að fjárhæð kr. 547.506 og nemur því skaðabótakrafa hans samtals kr. 821.261. Endurgreiðslukrafan og skaðabótakrafan nema því samanlagt stefnukröfum kr. 1.986.267.

III

A

Eins að framan greinir byggir stefnandi endurgreiðslukröfu sína á 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Í 1. mgr. 11. gr. laganna segir m.a. þetta: „Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar.“ Í 2. mgr. segir m.a. eftirfarandi: „Til þess að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins.“ Eftirleiðis verður sjóður þessi kallaður eftirlitssjóðurinn.

Stefnandi heldur því fram að samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum sé skylt að greiða honum kostnaðinn við tecra-rannsóknirnar. Ekki sé heimilt að ákveða að úr eftirlitssjóðnum skuli aðeins greitt fyrir sumar sýnatökur en ekki aðrar, eins og landbúnaðarráðherra hafi ákveðið.

Í gildistíð laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum hafi sláturleyfishafar greitt kostnað við heilbrigðiseftirlitið beint til þeirra sem það önnuðust, sbr. og reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum. Lögum nr. 30/1966 hafi verið breytt með lögum nr. 160/1994 og reglugerð nr. 168/1970 með reglugerð nr. 597/1994 og núverandi fyrirkomulag tekið upp, það sem sé kveðið á um í 11. gr. laga nr. 96/1997. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 160/1994 komi fram að eftirlitsaðilar heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum hafi gert athugasemdir við það að sláturleyfishafar greiddu sjálfir eftirlitsmönnum í sláturhúsum kostnað við heilbrigðisskoðun á lifandi dýrum og sláturafurðum og mælingar á aðskotaefnum. Þessir erlendu eftirlitsaðilar hafi gert kröfu um að kostnaðurinn yrði greiddur af opinberum aðilum sem innheimti hann síðan hjá sláturleyfishöfum. Einnig komi fram að ekki myndi fást viðurkenning á sláturhúsum til útflutnings sláturafurða nema greiðslufyrirkomulaginu yrði breytt. Þetta hafi verið gert til að forðast hagsmunaárekstra og því hafi sérstakur sjóður verið settur á laggirnar. Sömu sjónarmið hafi ráðið því að þessu nýja fyrirkomulagi var haldið í lögum nr. 96/1997 eins og fram komi í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga.

Þá byggir stefnandi kröfu sína einnig á ákvæðum reglugerðar nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum, en sú reglugerð hafi haldið gildi sínu samkvæmt ákvæði í lögum nr. 96/1997. Í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar sé tekið fram fyrir hvaða þætti heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum eigi að greiða úr eftirlitssjóðnum og hverja ekki. Þar segi að greiða eigi kostnað við töku sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra. Frá þessu sé engin undantekning gerð. Samkvæmt c-lið sömu greinar eigi og að greiða fyrir rannsóknir á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum í sláturafurðum.

Þá bendir stefnandi á ákvæði í 6. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 597/1994, en þar sé sagt m.a. að kostnað vegna mælinga á aðskotaefnum í sláturafurðum skuli greiða af gjaldi sem innheimtist af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð

og sé þar augljóslega um að ræða gjaldið sem renni í eftirlitssjóðinn.

Stefnandi vísar einnig til reglugerðar nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða en þar segi í niðurlagi 13. gr. að þóknun fyrir heilbrigðisskoðun skuli greidd úr eftirlitssjóði landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt 11. gr. laga nr. 96/1997.

Stefnandi telur þannig ljóst að eftirlitssjóðnum sé ekki einungis ætlað að standa straum af eftirliti með sláturhúsum heldur einnig sláturafurðum.

Stefnandi bendir á að fjárhæð gjaldsins sem runnið hafi í eftirlitssjóð landbúnaðarráðuneytisins hafi verið breytt með lögum eftir því hver kostnaður hafi reynst við eftirlitið á hverjum tíma. Komi til aukið eftirlit, eða nýjar aðferðir sem hafi aukinn kostnað í för með sér, verði eðlilega að hækka gjaldið sem honum nemi.

Allt þetta renni stoðum undir það að stefnda beri að greiða úr eftirlitssjóðnum kostnaðinn við sýnatöku af kjöti stefnanda. Enginn greinarmunur sé gerður í lögum á heilbrigðiseftirliti því sem greiða eigi fyrir úr sjóðnum og sé stefnda því lögskyld að greiða fyrir tecra-prófin. Sá skilningur sem stefndi byggir synjun sína á eigi enga stoð í lögum og sé því í andstöðu við lögætisregluna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að tecra-prófin hafi verið tekin upp sem valkostur fyrir svínabændur í því skyni að draga úr tjóni þeirra vegna salmonellusmits án þess að slakað væri á öryggiskröfum. Gjaldinu, sem renni í eftirlitssjóðinn, sé ætlað að standa straum af kostnaði vegna reglubundins eftirlits með sláturhúsum. Því sé hins vegar ekki ætlað að standa straum af kostnaði við sérstakar rannsóknir á einstökum lifandi sláturdýrum fyrir slátrun eða vegna verðflokknar sláturafurða, sem sé gerð til hagsbóta fyrir seljendur afurðanna. Hér sé um að ræða sérstakt heilbrigðiseftirlit sem beinist að framleiðanda sláturafurða eða öðrum eigendum þeirra og kostnað vegna þess verði þeir sjálfir að bera.

Stefndi heldur því fram að forsaga 11. gr. laga nr. 96/1997 styðji þetta sjónarmið. Þau lög hafi leyst af hólmi lög nr. 30/1966 en í 2. mgr. 5. gr. þeirra laga svo og 6. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 168/1970 hafi verið kveðið á um þóknun dýralæknis við heilbrigðisskoðun sláturgripa og eftirlit með hreinlæti og þrifnaði í sláturhúsum. Hér sé um að ræða launakostnað við skoðun og eftirlit en ekki kostnað við rannsóknir eins og tecra-prófið. Sama máli gegni í lögum nr. 160/1994, sem sett hafi verið í stað laga nr. 30/1996, og reglugerð nr. 597/1994 um breyting á reglugerð nr. 168/1970. Þar sé kveðið á um að laun kjötskoðunarlækna vegna heilbrigðiseftirlits og kostnað við mælingar á aðskotaefnum eigi að greiða af gjaldinu sem renni í eftirlitssjóðinn. Kostnaðarliðunum hafi ekki verið breytt, þótt ný aðferð hafi verið tekin upp við greiðslu þeirra. Hafa beri og í huga að engar salmonellurannsóknir hafi verið gerðar á þeim tíma þegar lög og reglugerðirnar voru settar.

Í reglugerð nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum sé kveðið á um hverja þætti í heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum eigi að greiða af gjaldinu. Ekki fái staðist að í b- og c-liðum 3. gr. þeirrar reglugerðar felist það að greiða skuli fyrir tecra-prófin úr eftirlitssjóðnum. Þær rannsóknir og sýnatökur sem þar greini varði eftirlit með sláturhúsinu sjálfu, s.s. sýnatökur og rannsóknir á búnaði, vatni o.fl. og sláturhóparannsóknir en ekki rannsókn á einstökum skrokkum. Undir c-liðinn falli reglubundnar mælingar á lyfjaleifum og aðskotaefnum í sláturafurðum og þá séu tekin sýni úr þvagi, fitu vöðvum og lifur. Aðeins örfá sýni af þessu tagi séu tekin árlega.

Þá bendir stefndi á að í 13. gr. reglugerðar nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða sé kveðið á um eftirlit kjötskoðunarlæknis og að kostnað við eftirlitið eigi að greiða úr eftirlitssjóðnum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar geti yfirdýralæknir fyrirskipað rannsóknir til að tryggja öryggi afurða meðal annars samkvæmt

reglugerð nr. 650/ 2001 um heilbrigðiseftirlit sláturfurða, sláturhús, kjötfrystihús, meðferð og verkun sláturfurða til Bandaríkja Noður-Ameríku. Fyrir þær rannsóknir eigi sláturleyfishafi að greiða.

B

Eins og áður er greint gerir stefnandi einnig skaðabótakröfu á hendur stefnda og er hún tvíþætt. Fyrri hluta skaðabótakröfunnar segir stefnandi vera vegna þátttöku hans í kostnaði við tecrapróf á svínunum sem hann seldi Stjörnugrís hf. en það fyrirtæki greiddi. Á árinu 2002 hafi stefnandi selt Stjörnugrís ehf. 5477 grísi. Stefnandi kveðst hafa samþykkt að greiða Stjörnugrís ehf. kr. 815.870 í bætun vegna þessa. Til að mæta þessum kostnaði hafi hann fengið styrk frá Bjargráðasjóði að fjárhæð kr. 326.348, sem komi til frádráttar. Nemi því skaðabótakrafa þessi kr. 489.522.

Stefnandi byggir á því að þennan kostnað eigi stefndi að greiða úr eftirlitssjóðnum á sömu forsendum og endurgreiðslukröfu hans. Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á fjórum kreditreikningum til Stjörnugrís hf., sem eru samtals að fjárhæð kr. 815.870. Einnig kveðst stefnandi byggja þessa kröfu sína á yfirlýsingu Stjörnugrís hf. frá 21. janúar 2005 þar sem fram komi að það fyrirtæki hafi greitt kr. 3.235.826 fyrir tecrasýni á árinu 2002 vegna svína sem keypt hafi verið m.a. á fæti frá stefnanda og hafi hann samþykkt að taka þátt í kostnaðinum með greiðslu á kr. 815.870. Þá hefur stefnandi lagt fram hreyfingarlista til stuðnings þessari skaðabótakröfu. Þá heldur stefnandi því fram að styrkurinn frá Bjargráðasjóði feli í sér viðurkenningu á því að stefnandi eigi rétt á skaðabótum.

Af hálfu stefnda er skaðabótakröfunni mótmælt á sömu forsendum og endurgreiðslukröfunni. Stefndi heldur því einnig fram að enginn grundvöllur sé fyrir því að greiða skaðabætur af þessu tagi. Greiðsla stefnanda byggist á samkomulagi hans við Stjörnugrís ehf. og sé krafan bæði vanreifud og ósönnuð. Ekki komi t.d. fram í yfirlýsingu Stjörnugrís ehf. hve mikið fyrirtækið hafi greitt fyrir tecrapróf vegna svína sem það hafi keypt af stefnanda. Kröfunni sé því alfarið hafnað.

C

Síðari hluti skaðabótakröfu stefnanda er vegna þess að hann telur sig hafa orðið fyrir tjóni þegar kjöt af sláturgripum hans var verðfellt eða því hent þegar í ljós kom með tecra-pröfun að það var smitað af salmonellu. Stefnandi heldur því fram að kjötskoðunarlæknar á vegum stefnda hafi mælt fyrir um þetta án þess að láta frekari rannsóknir fara fram, sem hefðu getað leitt í ljós að kjötið væri ósýkt af salmonellu.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á fimm reikningum sem sýni að verðfelling á kjöti, og kostnaður vegna kjöts sem hent var, nemi samtals kr. 552.897. Bætur úr Bjargráðasjóði vegna þessa, kr. 221.158, komi á móti þessu tjóni og því nemi það kr. 331.739.

Stefndi hafnar þessari skaðabótakröfu og heldur því fram sem fyrr að tecra-pröfun hafi verið notuð að ósk svínabænda og að kjötið yrði verðmetið á grundvelli hennar. Framhaldsrannsóknir hefðu tekið a.m.k. fimm daga og því sjálfgefið að eftir það hefði ekki verið hægt að selja kjötið ferskt auk þess sem hver ein framhaldsrannsókn hefði kostað kr. 10.000. Stefnandi hafi ekki óskað eftir framhaldsrannsóknum og hér sé engu saknæmu né ólögsmætu athæfi stefnda til að dreifa sem stefnandi geti byggt skaðabótakröfu á.

IV

A

Þegar sú löggjöf var sett sem stefnandi byggir endurgreiðslukröfu sína á var ekki til að dreifa rannsóknum á sláturfurðum með tecra-pröfum. Álitafnið, að því er endurgreiðslukröfu stefnanda varðar, er því

fyrst og fremst það hvort kostnaður sem þessum prófunum fylgir eigi engu að síður að greiðast úr eftirlitssjóðnum með sama hætti og sá kostnaður sem lög og reglugerðir þar að lútandi kveða á um að skuli greiddur úr sjóðnum.

Eins og að framan er rakið var í 5. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, gert ráð fyrir heilbrigðisskoðun á öllum sláturfénaði sem lögin náðu til fyrir slátrun og eins á öllu kjöti og slátri af sláturfénaðinum í sláturhúsinu sjálfu áður en verkun þess fyrir sölu á opinberum markaði fór fram. Í reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, var síðan kveðið nánar á um það hvernig þessu eftirliti skyldi háttað. Lögum nr. 30/1966 var breytt með lögum nr. 160/1994 og eftirlitssjóðnum komið á fót. Í breytingalögunum var jafnframt ákveðið að gjaldið skyldi innheimt af hverju kílói kjöts og að nánari ákvæði um framkvæmd á innheimtu þess skyldi sett í reglugerð. Aðrar breytingar á lögunum voru ekki gerðar í það skiptið.

Í 11. gr. gildandi laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, er lagaákvæðið um heilbrigðisskoðun efnislega óbreytt, að öðrn leyti en því að sú breyting er gerð að heilbrigðisskoðun þarf ekki að fara fram fylgi sláturgrip í sláturhús upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

Ákvæði framangreindra laga og reglugerða eru almennt orðuð en þau verður þó að skilja svo að fyrst og fremst sé kveðið á um almenna, reglubundna heilbrigðisskoðun á öllum fénaði sem slátrað er í sláturhúsum, og sláturafurðum af þeim fénaði, og nái því efni sínu samkvæmt jafnt til salmonellusmits sem annars smits sem kann að vera í sláturafurðum.

Í 1. gr. laga nr. 160/1994 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum segir eftirfarandi:

„Til þess að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegna kjöti í afurðastöð sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins.“

Í núgildandi lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, segir um sama efni eftirfarandi:

„Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegna kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins.“

Í reglugerð nr. 597/1994, en með henni var breytt reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, segir m.a. þetta:

„Laun kjötskoðunarlækna, aðstoðarfólks við heilbrigðiseftirlit og kostnað vegna mælinga á aðskotaefnum í sláturafurðum skal greiða af gjaldi sem innheimt er af öllu innvegna kjöti í afurðastöð og rennur í sérstakan sjóð í vörslum yfirdýralæknis. Sláturleyfishafar skulu greiða vinnu við merkingu sláturafurða.“

Í reglugerð nr. 708/1996 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum, sem nú er í gildi, segir eftirfarandi í 1. gr.:

„Greiða skal gjald af öllu innvegna kjöti í afurðastöð, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Gjaldið skal vera kr. 2,25 á hvert kíló kjöts fyrir árin 1996 og 1997 og skal

gjaldið standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Gjaldið miðast við raunkostnað við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.“

Í 3. gr. segir eftirfarandi:

„Gjaldið skal standa straum af eftirtöldum þáttum í heilbrigðiseftirliti sláturafurða:

- a. Launum og ferðakostnaði kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
- b. Kostnaði við töku sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra.
- c. Rannsóknnum á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum í sláturafurðum.
- d. Nauðsynlegu námsskeiðahaldi fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra, til viðhaldsmenntunar og samræmingar eftirlits á milli afurðastöðva.

Gjaldið tekur ekki til greiðslu á fæðiskostnaði og kostnaði vegna hlífðarfatnaðar eftirlitsaðila.“

Því er ekki haldið fram að reglugerð nr. 708/1996 eigi ekki fulla stoð í lögum. Þessi ákvæði reglugerðarinnar eru til fyllingar lögum nr. 96/1997 og ákvæði c-liðar 1. mgr. 3. gr. er afdráttarlaust um það að kostnað við töku sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra eigi að greiða úr eftirlitssjóðnum, Hér er enginn greinarmunur gerður á sýnum og ekki heldur á því í hvaða tilgangi þau eru tekin eða hver úrvinnsla þeirra er. Enda þótt sýnt hafi verið fram á af hálfu stefnda að tecra-prófin hafi verið tekin upp fyrir tilstilli svínabænda og þeim bændum sérstaklega til hagsbóta, sem ráku svínabú þar sem salmonella hafði greinst, verður að fallast á það, eins og efni laga nr. 96/1997 og fortakslaust ákvæði í c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 708/1996 eru, að stefnandi geti engu að síður byggt kröfu sína um endurgreiðslu á þeim. Samkvæmt því ber að taka endurgreiðslukröfuna, kr. 1.165.006, til greina með þeim dráttarvöxtum sem krafist er.

B

Fyrir er rakið að stefnandi kveðst hafa greitt Stjórnugrís hf. kr. 815.870 vegna tecra-prófa sem það fyrirtæki hafi greitt. Á móti komi styrkur stefnanda úr Bjargráðasjóði að fjárhæð kr. 326.348. Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér mismuninn, kr. 489.522, sem skaðabætur. Stefndi hefur mótmælt þessari kröfu sem órökstuddri og vanreifaðri.

Enda þótt fallist hafi verið á það að framan að stefnda beri að endurgreiða stefnanda kostnað sem hann greiddi sjálfur vegna tecra-rannsókna er þessi krafa stefnanda annars eðlis. Um er að ræða skaðabótakröfu sem byggð er á samningi sem stefnandi og Stjórnugrís hf. gerðu sín á milli, en stefndi kom á engan hátt að og verður að telja honum óviðkomandi. Stefnandi hefur auk kreditreikninganna lagt fram ýmis gögn sem hann segir styðja skaðabótakröfu sína. Þar á meðal er yfirlýsing frá Stjórnugrís hf. um að fyrirtækið hafi greitt ákveðna fjárhæð fyrir tecra-próf á árinu 2002 vegna svína sem keypt hafi verið af stefnanda bæði til slátrunar og eldis. Ekki er hægt að sjá af gögnum málsins hvernig þessum greiðslum var háttáð en engir reikningar frá þeim er greiðslurnar fengu hafa verið lagðir fram. Þá er mikið álitamál, sem ekki hefur verið reifað í málinu, hvort eftirlitssjóðurinn eigi að standa straum af prófunum á þeim svínum sem seld voru Stjórnugrís hf. til eldis, en enginn greinarmunur virðist gerður á því í málsókninni hvort svínin voru seld til eldis eða slátrunar. Þá er óupplýst hvort Stjórnugrís ehf. á rétt til þess að fá endurgreiddan kostnað vegna tecra-prófa eða ekki. Þrátt fyrir þetta þykir ekki alveg útilokað að stefnandi geti átt einhvern bótarétt á hendur stefnda vegna framangreindra viðskipta við Stjórnugrís hf. Því þykir ekki unnt að taka sýknukröfu stefnda til greina heldur verður þessari skaðabótakröfu stefnanda vísað frá dómi ex officio.

C

Þá gerir stefnandi kröfu um skaðabætur á hendur stefnda að fjárhæð kr. 331.739 vegna þess að kjöt af

svínun, sem reyndist samkvæmt niðurstöðum tecra-prófa smitað af salmonellu, hafi ýmist verið verðfellt eða því hent. Frekari prófanir hefði átt að gera sem leitt hefðu getað í ljós að kjötið væri ósmitað.

Engan veginn verður séð að sú skylda hafi hvílt á þeim sem önnuðust heilbrigðissskoðun að láta fara fram frekari rannsóknir á því kjöti sem reyndist smitað samkvæmt tecra-prófum og ekki er upplýst að stefnandi hafi gert kröfu til þess. Auk þess eru miklar líkur á því að niðurstaðan úr frekari prófum hefði orðið hin sama og úr tecra-prófunum og tjón stefnanda því óumflýjanlegt. Stefnandi hefur þannig ekki leitt sönnur að því að hann hafi beðið tjón sem stefndi beri ábyrgð á. Stefndi verður því sýknaður af þessari skaðabótakröfu stefnanda.

Niðurstaða dómsins, samkvæmt því sem segir að framan, er sú sem greinir í dómsorði. Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.000 auk virðisaukaskatts.

Friðgeir Björnsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð.

Skaðabótakröfu stefnanda, Sléttusvíns ehf., að fjárhæð kr. 489.522, er vísað frá dómi.

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda, að fjárhæð kr. 331.739.

Stefndi greiði stefnanda kr. 1.165.006 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 29. júní 2004 til greiðsludags og kr. 300.000 í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fskj. 2

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 1354 — 505. mál.

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Örn Hansson og Sverri Sverrisson frá yfirdýralækni og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, héraðsdýralækni Snæfellsumdæmis, Landssamtökum sláturleyfishafa, Neytendasamtökunum og yfirdýralækni.

Með frumvarpinu er lagt til að hámark gjalds sem heimilt er að innheimta fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í slátruhúsum verði hækkað úr 2,50 kr. í 3,46 kr. á hvert kíló kjöts.

Fyrir nefndina hafa verið lögð gögn frá yfirdýralækni sem sýna skiptingu kostnaðar við eftirlit milli einstakra dýrategunda. Samkvæmt þeim upplýsingum er hlutfallslega mestur kostnaður við eftirlit með alifuglakjöti, einkum vegna salmonellu- og kampýlóbaktersmits. Nefndin telur eðlilegt að hver grein um sig beri þann kostnað sem af eftirlitinu hlýst og leggur til að mismunandi gjald verði innheimt fyrir hverja tegund kjöts. Þá telur nefndin að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiddast af launalið viðkomandi embætta samkvæmt fjárlögum enda verður að telja skoðunina hluta af starfi þeirra. Óeðlilegt er að framleiðendur og/eða neytendur greiði þann hluta kostnaðarins með skattheimtu af þessu tagi. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu sem miðast við að mismikla gjaldtöku af hverri tegund fyrir sig.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.

Prentað upp.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykktur álitum þessu.

Alþingi, 19. apríl 2002.

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 797 — 505. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 2,50 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: 3,46 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, er lagt fram í því skyni að hækka fjárhæð gjalds sem innheimt er vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum.

Heimildin til innheimtu gjaldsins varð fyrst til með lögum nr. 160/1994, um breytingu á 5. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Fram að þeim tíma greiddu sláturleyfishafar eftirlitsaðila beint fyrir kostnaðinn við eftirlitið. Nauðsynlegt var talið að breyta lögnum á þann veg að eftirlit í sláturhúsum og þar með innheimta gjaldsins yrði framvegis á hendi opinberra aðila til þess að viðhalda heimild til útflutnings sláturafurða frá íslenskum sláturhúsum til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Gjaldinu er ætlað að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum og greiðist af sláturleyfishöfum samkvæmt áætlun sem byggð er á innvegnu magni kjöts í afurðastöð. Endanlegt uppgjör gjaldsins fer síðan fram fyrir 20. febrúar ár hvert í samræmi við rauntölur innvegins magns kjöts í afurðastöð á gjaldárinu samkvæmt upplýsingum Bændasamtaka Íslands.

Gjaldið rennur í svonefndan Eftirlitssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Fjárhagsstaða sjóðsins er mjög erfið og hefur hann á undanförunum árum verið rekinn með miklum halla. Ástæður þess eru margar. T.d. hafa tekjur sjóðsins orðið minni en upphaflega mátti gera ráð fyrir. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/1966, sbr. 1. gr. laga nr. 160/1994, var heimild til gjaldtökunnar miðuð við að innheimta mætti allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts og skyldi sú fjárhæð hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995. Heimildin hefur hins vegar aldrei verið fullnýtt. Á árinu 1995 var innheimta gjaldsins miðuð við 2 kr. á hvert kíló kjöts, á árunum 1996–1997 við 2,25 kr. og á árinu 1998 við 2,40 kr. Í lögum nr. 96/1997, sem felldu úr gildi lög nr. 30/1966, með síðari breytingum, var fjárhæðin óbreytt, þ.e. 2,50 kr. á hvert kíló kjöts án vísitölutryggingar. Þá hafa útgjöld Eftirlitssjóðsins orðið mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og stafar það aðallega af hækkunum á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu.

Með vísan til framanritaðs er talið nauðsynlegt að hækka fjárhæð eftirlitsgjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997. Einnig er nauðsynlegt að gera þá breytingu að ákveða fasta fjárhæð gjaldsins með lögum í stað þess að hún er nú valkvæð og miðast við allt að 2,50 kr.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum hækki úr 2,50 kr. í 3,46 kr. Útreikningur á nýrri fjárhæð gjaldsins er miðaður við að unnt verði að mæta verðhækkun

kostnaðarliða og öðrum fyrirsjáanlegum gjöldum vegna rekstrar og starfsemi sjóðsins. Fjárhæð gjaldsins er miðuð við kostnaðarverð og reiknuð með þeim hætti að miðað er við innvegið heildarmagn kjöts annars vegar og gjaldfærðan kostnað við kjötskoðun hins vegar á árinu 2000. Innvegið heildarmagn kjöts á árinu 2000 var alls 21.090.345 kíló en gjaldfærður kostnaður við kjötskoðun á árinu 2000 62.920.053 kr. Einnig er hér tekið tillit til þess að hluti starfa héraðsdýralækna er við kjötskoðun og miðað við 30% starfshlutfall hjá 10 héraðsdýralæknum sem eingöngu er reiknað af grunnlaunum og launatengdum gjöldum þeirra, samtals 10.000.000 kr. Enn fremur er hér miðað við að gjaldfjárhæðin sé föst fjárhæð í stað þess að hún var áður valkvæð og miðuð við allt að 2,50 kr. en með því er komið í veg fyrir að fjárhæð gjaldsins verði háð ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að hækka gjald vegna heilbrigðiseftirlits sláturafurða úr 2,50 kr. í 3,46 kr. fyrir hvert innvegið kíló kjöts í sláturhús. Miðað við sama innvegið heildarmagn kjöts og á árinu 2000 eykst álagning um 20 m.kr. Eftir hækkunina verður álagningin um 73 m.kr. sem innheimt verður af sláturleyfishöfum. Ástæða hækkunarinnar er aukinn kostnaður, en núverandi gjaldtaka stendur ekki undir kostnaði og hefur af þeim sökum myndast halli á liðnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi að öðru leyti áhrif á ríkissjóð.

Fekj 4



**Embætti yfirdýralæknis
Halldór Runólfsson
Sölvhólsstötu 7
150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. mars 2004

Málefni: Heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum

Með lögum nr. 96 frá 1997 var tekinn upp sá háttur að innheimta sérstakt gjald af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum. Í 11. gr. laganna kemur fram að heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum skuli fara fram áður en frekari vinnsla fer fram eða þær afhentar til dreifingar. Í greininni kemur fram að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds með reglugerð og er vísað í reglugerð nr. 491 frá 1997. Þær reglur fjalla hins vegar um um gjöf dýrallyfja en ekki hefur tekist að hafa uppi á reglugerð um framkvæmd heilbrigðiseftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds.

Með lögum nr. 82 frá 2002 var gjald, sem innheimt er vegna eftirlits með allfuglakjöti, hækkað verulega og er nú 6,50 kr fyrir hvert kíló. Í umfjöllun um lagafrumvarpið kemur skýrt fram að gjaldinu er ætlað að standa straum af raunkostnaði við eftirlitið.

Í sláturhúsi Reykjagarðs á Hellu er árlega slátrað kjúklingum sem samsvara 1.668.581 kílóum af innvegnu kjöti. Fyrir heilbrigðisskoðun á þessu kjöti borgaði félagið 10.845.776 krónur á síðasta ári.

Félagið óskar eftir að Embætti yfirdýralæknis láti í té upplýsingar um hvernig heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í allfuglasláturhúsi þess á Hellu fór fram á síðasta ári og sundurliðaðan raunkostnað við það.

Ennfremur óskar félagið eftir því að taka upp viðræður við embættið um bætt eftirlit og framkvæmd á því miðað við þann raunkostnað sem félagið greiðir við eftirlitið.

Virðingarfyllt,

**Matthías Hannes Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Reykjagarðs**

Afrit til:
Landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar
Landbúnaðarráðuneytinu

Fskj. 5



Matthías Hannes
Guðmundsson/Sláturfélag
Suðurlands/IS

14.03.2005 01:50 PM

To Halldor Runolfsson <halldor.runolfsson@lan.stjr.is>

cc Níels Hjaltason/Sláturfélag Suðurlands/IS@SS

bcc

Subject Ósvarað erindi

Sæll Halldór

Það er að líða ár síðan ég sendi bréf vegna heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum, þar sem greint var frá því að Reykjarður hf sem og önnur kjúklingasláturhús séu að greiða kr 6,50 á sláttrað kg. Ennfremur var farið fram á í þessu bréfi að fá upplýsingar um raunkostnað við eftirlitið en árlegur kostnaður félagsins vegna þessa er um 11 mkr.

Við hjá Reykjarði höfum sýnt allt of mikla þolinmæði við að bíða eftir svari og óskum þess að það verði sent sem fyrst.

Við munum leita okkar réttar í þessu máli, þannig ekki sé greitt fyrir meiri þjónustu en veitt fyrir.

Kær kveðja / Best regards

Matthías Hannes Guðmundsson - Reykjarður hf
Framkvæmdastjóri - Managing Director

Fossháls 1, 110 Reykjavík, Iceland

Tel: 354 575 6440; GSM: 354 856 4400; Fax: 354 575 6490

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Reykjarðs hf. - This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.



halldor.runolfsson@lan.
stjr.is
16.03.2005 09:13 PM

To matthias@holta.is
cc niels@ss.is
bcc
Subject Re: Ósvarað erindi

Fst 6

Blessaður Matthías

Málið hefur verið á borði landbúnaðarráðuneytisins og það hefur nú verið sent Hagþjónustu landbúnaðarins til skoðunar á forsendum raunkostnaðar við eftirlitsgjöld með alifuglakjöti.

NIðurstaða verður kynnt fyrirtæki yðar sem öðrum þegar þær liggja fyrir

Kveðja

Halldór

~~~~~  
Halldór Runólfsson  
Yfirdýralæknir / Chief Veterinary Officer  
Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík  
Sími/tel. +354 545-9750  
Fax: +354 552-1160  
e-mail: halldor.runolfsson@lan.stjr.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Further information:

<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

matthias@holta.is

<halldor.runolfsson@lan.stjr.is>  
14.03.2005 13:50

To: Halldor Runolfsson  
cc: niels@ss.is  
Subject: Ósvarað erindi

Sæll Halldór

Það er að líða ár síðan ég sendi bréf vegna heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum, þar sem greint var frá því að Reykjarður hf sem og önnur kjúklingasláturhús séu að greiða kr 6,50 á slátrað kg. Ennfremur var farið fram á í þessu bréfi að fá upplýsingar um raunkostnað við eftirlitið en árlegur kostnaður félagsins vegna þessa er um 11 mkr.

Við hjá Reykjararði höfum sýnt allt of mikla þolinmæði við að bíða eftir svari og óskum þess að það verði sent sem fyrst.

Við munum leita okkar réttar í þessu máli, þannig ekki sé greitt fyrir meiri þjónustu en veitt fyrir.

Kær kveðja / Best regards

Matthías Hannes Guðmundsson - Reykjararður hf  
Frankvæmdastjóri - Managing Director

Fossháls 1, 110 Reykjavík, Iceland

Tel: 354 575 6440; GSM: 354 856 4400; Fax: 354 575 6490

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Reykjararðs hf.  
- This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.





Landbúnaðarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7


150 REYKJAVÍK

SA/jrp

Rvk. 9.6. 2005

**Efni: Gjaldtaka vegna eftirlits með slátrun alifugla  
Ársreikningar eftirlitsjóðs 2002, 2003, og 2004  
Skipan vinnuhóps til endurskoðunar á lögum nr. 96/1997**

- I. Vísað er til bréfs Reykjararðs hf. til embættis yfirdýralæknis dags. 29. mars 2004 (fskj. 1), sem landbúnaðarráðuneytinu og landbúnaðarráðherra var sent afrit af ásamt, þar sem embættið var krafð um *sundurlíðun á raunkostnaði* vegna heilbrigðiseftirlits með slátrun alifugla í slátruhúsi Reykjararðs á Hellu og lýsingu á því *hvernig þetta eftirlit hefði verið framkvæmt* en á því ári greiddi slátruhúsið samtals 10.845.776 kr. í eftirlitsgjald, kr. 6,50 á hvert kg alifuglakjöts. Einnig er vísað til tölvupóstsamskipta milli yfirdýralæknis og framkvæmdastjóra Reykjararðs (fskj. 2) frá 14. mars og 16. mars 2005, þar sem fram kemur að þessi beiðni Reykjararðs sé en þá til afgreiðslu í landbúnaðarráðuneytinu. Jafnframt er félagið að greiða aukalega fyrir kostnað af sýnum sem félagið þarf að láta taka að kröfu yfirdýralæknis vegna eftirlitsins og nemur sú fjárhæð amk. 1 mkr. á ári. Vandséð er að Reykjararði hafi borið lagaskylda til að greiða sjálft fyrir þessar sýnatökur, heldur hafi þær átt að greiðast úr eftirlitsjóði, sbr. dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23.3. 2005 (fskj. 3), þar sem fallist var á endurgreiðslu kröfu svínabús vegna tecra- prófa.
- I.I. Framangreind gjaldtaka er byggð á 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, vegna eftirlits með slátrun, og heilbrigðisskoðun dýra, sbr. lög nr. 82/2002 en þá voru gerðar töluverðar breytingar á gjaldtökunni. Í meðferð Alþingis á lagafrumvarpinu var ákveðið að hver búgrein skyldi bera sinn raunkostnað af heilbrigðiseftirliti, kg. gjaldið skyldi vera mismunandi milli búgreina í stað jafnaðargjalds áður á allar búgreinar. Ástæðum breytinganna er lýst í nefndarálitni landbúnaðar-nefndar (fskj. 4). Þar kemur fram að megin ástæða miklu hærri kostnaðar þá vegna kjúklingaslátruhúsa var vegna mikils eftirlits með salmonellusmiti. Það kemur einnig skýrt fram í nefndarálitinu að ekki beri að greiða neinn launakostnað vegna héraðslækna: *“Þá telur nefndin að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiðast af launalið viðkomandi embætta samkvæmt fjárlögum enda verður að telja skoðunina hluta af starfi þeirra. Óeðlilegt er að framleiðendur og/eða neytendur greiði þann hluta kostnaðarins með skattheimtu af þessu tagi. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu sem miðast við mismikla gjaldtöku af hverri tegund fyrir sig.”*



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

- III. Samkvæmt 1. málslíður, 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 rennur eftirlitsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Samtök atvinnulífsins óska eftir að fá eintak af ársreikningum eftirlitssjóðsins sl. þrjú ár, árin 2002 - 2004. Sérstaklega er óskað skriflegra upplýsinga um það, hvort einhver launakostnaður héraðsdýralækna hafi verið gjaldfærður á sjóðinn. Jafnframt er krafa Reykjaráðs frá 2004 um sundurliðun á raunkostnaði við eftirlit og um framkvæmd þess hjá fyrirtækinu ítrekuð. Með öllu er óljóst í hvað þessir fjármunir hafa farið enda er eðlilegum og lögmætum fyrirspurnum Reykjaráðs enn ósvarað. Einnig óskast upplýst hvort fyrrgreindum dómi Hérð. Rvk. frá 23.2. 2005 hafi verið áfrýjað eða hvort ríkið hyggist una honum og þá væntanlega hvort öðrum aðilum verði ekki einnig endurgreidd sýnataka, sem eftirlitssjóður átti að greiða.
- IV. Miklar breytingar hafa orðið til batnaðar í eldi og heilbrigði alifugla á sl. 2-3 árum. Bæði hefur sýkingum fækkað verulega svo og rekstrareiningum, þ.e. alifuglasláturhúsum hefur fækkað og meira magn fer gegnum hvert hús vegna aukningar í framleiðslu. Þetta gildir einnig um sauðfjársláturhús. Forsendur þess háa kg. eftirlitsgjald sem lagt var á alifuglakjöt árið 2002, eru því augljóslega brostnar. Í raun er þetta viðurkennt í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi á sl. þingi um breytingu á lögum nr. 96/1997, þar sem gert var ráð fyrir að í stað núverandi kg. gjalds í lögum verði lagt á sérstakt eftirlitsgjald skv. gjaldsskrá, sem ráðherra gæfi út.

Lagafrumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að allt eftirlitsgjaldið eigi að renna til embættis yfirdýralækis og að allur launakostnaður þess af sláturhúsaeftirliti og jafnvel endurmenntun dýralækna eigi að leggjast á sláturkostnað og þar með einstakar búgreinar. Þetta er í mótsögn við núgildandi lög, þar sem skýrt er kveðið á um að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við eftirlit eigi að greiðast af launalið viðkomandi embætta skv. fjárlögum.

- V. Ekkert samráð virðist hafa verið haft við búgrein alifuglaræktenda við gerð þessa nýja frumvarps og af þeim sökum var afstaða SA til málsins í heild neikvæð í umsögn til landbúnaðarnefndar Alþingis (fskj. 5), þótt augljóst hafi verið að breyta þurfi núgildandi lögbundnu kílóagjaldi.

Ljóst er að einstakar greinar lagafrumvarpsins þarfnast lagfæringa og endurskoðunar við, ef sátt á að nást um málið. Gjaldtaka vegna nauðsynlegs eftirlits verður að byggast á raunkostnaði. Eftirlitskostnaður í landbúnaði má ekki verða meiri heldur en í öðrum löndum í ljósi vaxandi innflutnings og samkeppni svo að rekstrarumhverfi íslensk landbúnaðar verði sambærilegt.

Það er von SA að landbúnaðarráðuneytið noti sumarið til raunverulegs samráðs við hagsmunaaðila, sláturleyfishafa, t.d. með myndun starfshóps, þannig að sátt geti náðst um nauðsynlegar breytingar á núgildandi lögum, eins og lagt var til í umsögn SA til Alþingis í vor.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson hrl.

Fskj. 1. - 4.

**Ábsetur:**  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 0000

**Bréfsími:**  
591 0050

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is

Frstj 8



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Samtök Atvinnulífsins  
Hr. Jón R. Pálsson, hrl.,  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2005  
Tilvísun: LAN05030117/214.0  
IOV/--

Efni: Gjaldtaka vegna eftirlits með slátrun alifugla.

Erindi yðar dagsett 9. júní s.l. hefur verið móttakið í ráðuneytinu. Mál yðar verður tekið til afgreiðslu að sumarleyfistíma loknum.

F.h.r.

*Ingrid Guðjónsdóttir*  
Ingrid Guðjónsdóttir

|                 |          |  |  |
|-----------------|----------|--|--|
| PP              |          |  |  |
| Kom: 2 AUG 2005 |          |  |  |
| SA              | NR. 3081 |  |  |



FKJ c

## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Landbúnaðarráðuneytið  
b.t. landbúnaðarráðherra  
Sólhvólsögðu 7

150 Reykjavík

SA/jrp

Rvk. 14.9.2005

## Ítrekun

- I. Vísað er til bréfs Samtaka atvinnulífsins dags. 9.6. 2005 til landbúnaðarráðuneytis, þar sem óskað var eftir upplýsingum um:
- 1) *Raunkostnað* vegna heilbrigðiseftirlits með slátrun alifugla í slátruhúsi Reykjararöf hf. á Hellu, ásamt *skriflegri lýsingu* á því hvernig þetta eftirlit hefði verið framkvæmt sl. 3 ár. Þessi fyrirspurn var fyrst lögð fyrir ráðuneytið fyrir meira en ári síðan af fyrirtækinu sjálfu en erindinu er þó enn ósvarað af hálfu ráðuneytisins.
  - 2) Að lagðir væru fram *ársreikningar* svokallaðs eftirlitssjóðs, sbr. 1. málslíður, 2. mgr. 11. gr. laga 96/1997, fyrir árin 2002, 2003 og 2004. Sérstaklega var óskað eftir svörum um það, hvort einhver *launakostnaður dýralækna* hafi verið gjaldfærður á eftirlitssjóðinn árin 2002 – 2004.
- II. Engar upplýsingar eða skýringar hafa enn borist Samtökum atvinnulífsins en með bréfi landbúnaðarráðuneytisins dags. 15.7. 2005 tilkynnti ráðuneytið að “erindið” hefði verið móttækið í ráðuneytinu og það yrði “tekið til afgreiðslu að sumarleyfistíma loknum”.
- III. Í bréfi SA frá 9.6. 2005 var fyrst fremst óskað eftir upplýsingum og gögnum, sem ætti nú þegar að liggja fyrir í ráðuneytinu að verulegu leyti. Ekki er lengur hægt að þola að eðlilegri upplýsinga-skyldu af hálfu ráðuneytisins sé ekki sinnt með vísun til orlofstöku einstakra starfsmanna í landbúnaðarráðuneytinu.

Samtök atvinnulífsins óska einnig svara um það, hvort ráðuneytið vilji hafa eitthvað samstarf við hagsmunaaðila í landbúnaði, þ.e. samtök slátruleyfshafa vegna væntanlegra og nauðsynlegra breytinga á núgildandi löggjöf, sem á að byggjast á *raunkostnaði* við eftirlitið. Þolinmæði hagsmunaaðila og einstakra fyrirtækja er á þrotum í þessu máli berist skýr svör ekki á næstu dögum.

Virðingarfyllt,

Jón R. Pálsson hrl.

Fekj. Bréf dags. 9.6. 2005.

Afrit sent til: Landbúnaðarnefndar Alþingis og Ríkisendurskoðunar

Aðsetur:  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 0000

Bréfasími:  
591 0050


Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is

**Eftirlitssjóður**

| Fjárhæðir í þús.kr.                                                | 2002          | 2003          | 2004          | 2005   |
|--------------------------------------------------------------------|---------------|---------------|---------------|--------|
| Gjald v. heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum                    | 68.907        | 82.863        | 80.784        |        |
| <b>Samtals tekjur</b>                                              | <b>68.907</b> | <b>82.863</b> | <b>80.784</b> |        |
| <br>                                                               |               |               |               |        |
| Launagjöld                                                         | 34.437        | 41.011        | 42.071        |        |
| Sérfræðipjónusta dýralækna                                         | 2.615         | 3.439         | 7.436         |        |
| Rannsóknakostnaður                                                 | 17.268        | 21.222        | 23.763        |        |
| Önnur gjöld                                                        | 9.132         | 7.298         | 6.591         |        |
| <b>Samtals gjöld</b>                                               | <b>63.452</b> | <b>72.970</b> | <b>79.861</b> |        |
| <br>                                                               |               |               |               |        |
| <b>Tekjur umfram gjöld</b>                                         | <b>5.455</b>  | <b>9.893</b>  | <b>923</b>    |        |
| <br>                                                               |               |               |               |        |
| Gjald v. heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum samkvæmt fjárlögum | 64.000        | 70.000        | 75.000        | 80.000 |

Fskj 11



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Landbúnaðarráðuneytið  
b.t. landbúnaðarráðherra  
Sölvhóls götu 7

150 Reykjavík

SA/jrp

Rvk. 5.7. 2006

**Efni: Ráðstöfun fjármuna eftirlitssjóðs - stjórnsýsla landbúnaðarráðuneytis  
Samráð við hagsmunaaðila um nauðsynlegar lagabreytingar**

Vísað er til fyrri bréfa Samtaka atvinnulífsins dags. 9.6. 2005 og 14.9. 2005 til landbúnaðarráðuneytis, þar sem óskað var eftir:


1) Upplýsingum um *raunkostnað* vegna heilbrigðiseftirlits með slátrun alifugla í sláturbúsi Reykjarðs hf. á Hellu, ásamt *skriflegri lýsingu* á því hvernig þetta eftirlit hefði verið framkvæmt sl. 3 ár. Þessi fyrirspurn var fyrst lögð fyrir ráðuneytið fyrir meira tveimur árum af fyrirtækinu sjálfu en erindinu er þó enn ósvarað af hálfu ráðuneytisins.

2) *Ársreikningum* svokallaðs eftirlitssjóðs, sbr. 1. málslíð, 2. mgr. 11. gr. laga 96/1997, fyrir árin 2002, 2003, 2004 og 2005. Sérstaklega er óskað eftir skýrum svörum ráðuneytisins um það, hvort einhver *launakostnaður dýralækna* hafi verið færður á sjóðinn árin 2002 – 2005.

Engar upplýsingar, skýringar eða gögn hafa enn borist Samtökum atvinnulífsins eða Reykjarði hf., þótt einungis hafa verið óskað eftir gögnum, sem ættu nú þegar að liggja fyrir í ráðuneytinu. Einu viðbrögð ráðuneytisins eru bréf dags. 15.7. 2005, þar sem ráðuneytið tilkynnti að „erindið” hefði verið móttakið í ráðuneytinu og það yrði „tekið til afgreiðslu að sumarleyfistíma loknum”. Sumarorlofstímabil árið 2005 er löngu liðið en erindið hefur enn ekki verið afgreitt frá Landbúnaðarráðuneytinu. Samtök atvinnulífsins gera þá eðlilegu kröfu að ráðuneytið fari að stjórnsýslulögum í störfum sínum.

SA ítreka enn á ný fyrir óskir um að ráðuneytið hafi samstarf við hagsmunaaðila í landbúnaði, þ.e. samtök sláturleyfishafa vegna nauðsynlegra breytinga á núgildandi löggjöf um heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum, bæði um framkvæmd eftirlitsins þannig að ítrustu hagkvæmni verði gætt og um *raunkostnað* við eftirlitið. Í því skyni er mikilvægt að reikningar eftirlitssjóðsins vegna síðustu 4 ára séu aðgengilegir.

Vinnubrögð ráðuneytisins vekja undrun og tortryggni hagsmunaaðila, því á síðustu tveimur þingum hefur ráðuneytið lagt fram lagafrumvörp til breytinga á lögum nr. 96/1997 án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila (sjá umsögn SA frá 2.5. 2006 til landbúnaðarnefndar Alþingis). Engin grein hefur verið gerð fyrir því á hvaða fjárhagslegum grundvelli nýjar tillögur um kostnað við eftirlitið eru byggðar á..

Virðingarfyllt  
  
Jón R. Pálsson hrl.

Fskj. Bréf dags. 9.6. 2005, 15.7. 2005, 14.9. 2005. Umsögn til landbúnaðarnefndar Alþingis 2.5. 2006.  
Afrit sent: Ríkisendurskoðun og landbúnaðarnefnd Alþingis

Aðsetur:  
Landbúnaðarráðuneytið  
Sölvhóls götu 7  
150 Reykjavík

Sími:  
591 0000

Bréfsími:  
591 0050

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is

## REGLUGERÐ

### um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

#### 1. gr.

Greiða skal gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Gjaldið skal vera kr. 2,25 á hvert kíló kjöts fyrir árin 1996 og 1997 og skal gjaldið standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Gjaldið miðast við raunkostnað við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.

#### 2. gr.

Gjaldið greiðist af sláturleyfishöfum samkvæmt áætlun sem byggð er á innvegna magni kjöts í afurðastöð næstliðins almanaksárs í samræmi við upplýsingar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Endanlegt uppgjör gjaldsins skal fara fram fyrir 20. febrúar ár hvert í samræmi við rauntölur innvegins magns kjöts í afurðastöð á gjaldárinu samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

#### 3. gr.

Gjaldið skal standa straum af eftirtöldum þáttum í heilbrigðiseftirliti sláturafurða:

- a. Launum og ferðakostnaði kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
- b. Kostnaði við töku sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra.
- c. Rannsóknum á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum í sláturafurðum.
- d. Nauðsynlegu námsskeiðahaldi fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra, til viðhaldsmenntunar og samræmingar eftirlits á milli afurðastöðva.

Gjaldið tekur ekki til greiðslu á fæðiskostnaði og kostnaði vegna hlífðarfatnaðar eftirlitsaðila.

#### 4. gr.

Aðilum er skylt að standa skil á álögðu gjaldi tíu dögum eftir lok hvers tímabils, þannig:

*Gjaldtímabil: Gjaldldagi:*

Janúar-febrúar 10. mars

Mars-apríl 10. maí

Maí-júní 10. júlí

Júlí-ágúst 10. september

September-október 10. nóvember

Nóvember-deseember 10. janúar

Sé gjaldið ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum.

5. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða innheimtu gjaldsins samkvæmt reglugerð þessari sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 14. gr. laga nr. 30/1966, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 160 31. desember 1994 um breytingu á lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**



## REGLUGERÐ

### um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

#### 1. gr.

Greiða skal gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum. Gjaldið miðast við raunkostnað við heilbrigðiseftirlitið.

#### 2. gr.

Gjaldið greiðist skv. innvegnu magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskýrslur sláturleyfishafa til Bændasamtaka Íslands. Sláturleyfishafa er skylt að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirrituð af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

#### 3. gr.

Bændasamtök Íslands skulu skila til álagningaráðila, sem er embætti yfirdýralæknis, framleiðslutölum hvers tímabils eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

#### 4. gr.

Gjaldið skal standa straum af eftirtöldum þáttum í heilbrigðiseftirliti sláturafurða:

- a. Launum og ferðakostnaði kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
- b. Kostnaði við töku eftirfarandi sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra:
  1. hálsaskinnssýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra alifuglaframleiðenda, til rannsókna vegna Salmonella;
  2. botnlangasýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra alifuglaframleiðenda, til rannsókna vegna kampýlóbakter;
  3. vöndulsýna eða kjötsafasýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna innleggs allra svinaframleiðenda, til rannsókna vegna Salmonella;
  4. kjötsýna sem tekin eru með reglubundnum hætti vegna útflutnings til Evrópusambandsins á innleggi allra hrossakjötsframleiðenda, til rannsókna vegna Trikina;
  5. sýna sem tekin eru af búnaði sláturhúsa.
- c. Rannsóknum á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnun í sláturafurðum.
- d. Nauðsynlegu námskeiðahaldi fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra, til viðhaldsmenntunar og samræmingar eftirlits milli afurðastöðva.

Gjaldið tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að ofan greinir. Kostnaður vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur smit-efni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir greiðist af viðkomandi framleiðanda. Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.

#### 5. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að standa skil á gjaldi eftir lok hvers tímabils þannig að fyrir framleiðslu hvers mánaðar skal gjalddagi vera 10. dag þar næsta mánaðar á eftir. Gjalddagi fyrir framleiðslu í janúar skal þannig vera 10. mars, o.s.frv.

Sé gjaldið ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal innheimta hæstu dráttarvexti sem lög leyfa frá gjalddaga til greiðsludags skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## 6. gr.

Embætti yfirdýralæknis annast innheimtu álagðra gjalda skv. reglugerð þessari í umboði landbúnaðarráðherra. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Öll gjöld skv. reglugerð þessari má innheimta með fjárnámi.

## 7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 21. gr. laga nr. 96/1997, með síðari breytingum. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Með setningu reglugerðar þessarar er jafnframt felld úr gildi reglugerð um sama efni nr. 708/1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*



**Reykjavagarður hf**

FSK-10

- Fossháls 1
- 110 Reykjavík
- Sími 566 6440
- Fax 566 7740

## Áætlun á tekjum af kílóagjaldi eftirlitssjóðs v/ alifuglaslátrunar

Meðfylgjandi tölur eru unnar upp úr upplýsingum frá Bændasamtökunum. Þau halda utan um sláturmagn frá sláturleyfishöfum í alifuglarækt. Uppgefið magn frá Bændasamtökunum er margfaldað upp með kr 6,50 á kg, sem er fasta eftirlitsgjaldið í krónum fyrir alifuglakjöt. Inni í þessum tölum er allur alifugl þar á meðal kalkúnn.

Tölur annara er Reykjarðs eru áætlaðar þar sem ekki er vitað um innbyrðisskiptingu milli þeirra félaga.

|      | Reykjavagarður | Áætlað<br>Móar/Matfugl | Áætlað<br>Ísfugl | Bændasamt.<br>Samtals |
|------|----------------|------------------------|------------------|-----------------------|
| 2003 | 10.845.777     | 15.298.796             | 11.078.438       | 37.223.011            |
| 2004 | 10.661.703     | 14.115.781             | 10.221.772       | 34.999.257            |
| 2005 | 12.281.750     | 14.610.205             | 10.579.804       | 37.471.759            |
|      | 33.789.230     | 44.024.782             | 31.880.015       | 109.694.026           |

Reykjavík 23.10.2006



**Reykjagarður hf**

Fskj 15

- Fossháls 1
- 110 Reykjavík
- Sími 566 6440
- Fax 566 7740

## UMBOÐ

vegna kvörtunar til umboðsmanns Alþingis


Fyrirtækið Reykjagarður hf., kt. 650903-2180, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík, felur hér með Jón R. Pálssyni hrl., kt. 151160-4929, Borgartúni 35, 105, lögmanni hjá Samtökum atvinnulífsins Reykjavík, fullt og óskorað umboð til að kvarta til umboðsmanns Alþingis vegna stjórnarsýslu landbúnaðarráðuneytisins gagnvart fyrirtækinu og vegna framkvæmdar á heilbrigðiseftirliti í alifuglasláturhúsi fyrirtækisins og umsýslu þess með fjármunum eftirlitssjóðs skv. 11. gr. laga nr. 96/1997, eins nánar verður lýst í kvörtunni.

Reykjavík 24. október 2006

  
**Reykjagarður hf**


framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf.

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði.

  
Helgi Schenck 041167-4248

Nafn

Kennitala

  
Einbjörg Jónsson 020949-4149

Nafn

Kennitala

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700  
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Fslg 2


Mál nr. 4831/2006.

Reykjavík, 9. nóvember 2006.

Samtök atvinnulífsins  
hr. Jón. R. Pálsson  
hæstaréttarlögmaður  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík.

Ég tel rétt að upplýsa að ég hef í dag ritað landbúnaðarráðherra  
bréf það sem hér fylgir með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700  
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Mál nr. 4831/2006.

## LJÓSRIT

Reykjavík, 9. nóvember 2006.

Hr. Guðni Ágústsson  
landbúnaðarráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík.


Til min hefur leitað Jón Rúnar Pálsson, lögmaður Samtaka atvinnulífsins, og lagt fram kvörtun, f.h. Reykjararðs hf., Fosshálsi 1 í Reykjavík, vegna stjórnarsýslu ráðuneytisins við meðhöndlun ítrekaðra málaleitana fyrirtækisins og Samtaka atvinnulífsins fyrir þess hönd á árunum 2002-2006 gagnvart ráðuneytinu í tilefni af gjalddöku vegna heilbrigðiseftirlits í alifuglasláturhúsi Reykjararðs hf á Hellu á árunum 2002-2005. Í kvörtuninni kemur fram að hvorki landbúnaðarráðuneytið né yfirdýralæknir hafi svarað ítrekuðum óskum þessara aðila um upplýsingar og gögn um raunkostnað við heilbrigðiseftirlit í alifuglasláturhúsi fyrirtækisins Hellu á árunum 2002-2005 og hvernig heilbrigðiseftirlit hefði verið framkvæmt þar. Þá hafi ekki heldur verið sinnt óskum þessara aðila um afrit af ársreikningum þess sjóðs sem eftirlitsgjald, sem lagt er á skv. lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, rennur i. Skv. 11. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 76/2005 er sjóðurinn í vörslu Landbúnaðarstofnunar. Fram til 1. janúar 2006 var sjóðurinn hins vegar í vörslu ráðuneytisins. Í bréfi Samtaka atvinnulífsins til ráðuneytisins, dags. 9. júní 2005, er m.a. vísað til þess að beiðni um sundurliðun á raunkostnaði sem Reykjararður hf. sendi embætti yfirdýralæknis 29. mars 2004 sé enn til meðferðar í landbúnaðarráðuneytinu. Ítreka samtökin þá afstöðu sem áður hafi komið fram af hálfu Reykjararðs hf. að það telji að eigendum alifuglabúa sé óskytt að greiða gjald vegna sýnatöku sem fer fram að kröfu yfirdýralæknis í ljósi nýlegs dóms héraðsdóms Reykjavíkur. Óska samtökin afstöðu ráðuneytisins hvort það hyggist áfrýja dóminum eða endurgreiða framleiðendum kostnað vegna sýnatöku. Þá er einnig borin fram í fyrrgreindu bréfi samtakanna, dags. 9. júní 2003, ósk um að ráðuneytið láti samtökunum í té tiltekna ársreikninga þess sjóðs í vörslu landbúnaðarráðuneytisins sem eftirlitsgjaldið rennur til.

Sérstaklega óska samtökin skriflegra upplýsinga um hvort einhver launakostnaður héraðsdýralækna hafi verið gjaldfærður á sjóðinn. Samtök atvinnulífsins ítreka erindi sitt með bréfi til ráðuneytisins, dags. 14. september 2005, og aftur með bréfi dags. 5. júlí 2006.

Af ofangreindu tilefni er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvað líði svörum þess við ofangreindum erindum Reykjagarðs hf. og Samtaka atvinnulífsins fyrir þess hönd. Jafnframt óska ég, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1997, eftir að ráðuneytið skýri ástæður þess að umræddum erindum hafi ekki verið svarað.

Er þess óskað að svar verði sent mér eigi síðar en 24. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Áltamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700  
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Fs t.j. 3

Mál nr. 4831/2006.

Reykjavík, 27. desember 2006.

Samtök atvinnulífsins  
hr. Jón R. Pálsson  
hæstaréttarlögmaður  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík.

Með tilvísun til kvörtunar þeirrar sem þér hafið lagt fram fyrir hönd Reykjagarðs hf. skal upplýst að umboðsmanni Alþingis hefur borist bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 21. desember sl., og sendist það hér með í ljósriti til upplýsingar. **Tekið skal fram að umboðinn frestur hefur verið veittur.**

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis,

*Ingibjörg Þóra Sigurðonsdóttir*  
Ingibjörg Þóra Sigurðonsdóttir.

|                  |  |  |  |
|------------------|--|--|--|
| JRP              |  |  |  |
| Kom: 29 DEC 2006 |  |  |  |
| SA NR. 3611      |  |  |  |



# LJÓSRIT



Umboðsmaður Alþingis  
Álftamýri 7  
150 Reykjavík

## LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólegötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9750 bréfasími: 552 1160  
postur@lan.stjr.is  
www.landbunadarraduneyti.is

Reykjavík 21. desember 2006  
Tilv.: LAN06110058/004

Landbúnaðarráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns Alþingis dags. 9. nóvember 2006 í máli auðkenndu nr. 4831/2006. Í erindi þessu var ráðuneytinu kynnt kvörtun lögmanns Samtaka atvinnulífsins til embættis umboðsmanns yfir stjórnslu ráðuneytisins við meðhöndlun beiðna um upplýsingar er varða umbjóðanda hans Reykjararð hf.

Þann 28. nóvember s.l. óskaði ráðuneytið eftir því við umboðsmann að veittur yrði frestur til 19. desember 2006 til að svara erindi hans og var umbeðinn frestur veittur með símbréfi samdægurs. Ráðuneytið óskaði eftir því við Landbúnaðarstofnun í rafréfi dags. 30. nóvember, að stofnunin gæfi ráðuneytinu svör við þeim fyrirspurnum sem SA höfðu beint að ráðuneytinu f.h. Reykjararðs hf. Ráðuneytinu barst svar stofnunarinnar með bréfi dags. 14. desember s.l. Eins og fram kemur í hjálögðu bréfi ráðuneytisins til stofnunarinnar telur ráðuneytið svar þetta vera ófullkomið og óskaði eftir því við stofnunina að hún gæfi betri og skýrari svör. Landbúnaðarstofnun var veittur frestur til 15. janúar til að verða við þessu.

Með vísun til framangreinds óskar ráðuneytið eftir ~~endurnýjuðum fresti~~ fresti til að svara erindi umboðsmanns til 1. febrúar n.k.

Fyrir hönd ráðherra

  
Arnór Snæbjörnsson